



Dalvíkurskóli

Þekking og færni – virðing og vellíðan

2025
2026

Innleiðingarátætlun aðalnámskrá grunnskóla

GÆÐARÁÐ DALVÍKURSKÓLI

Innleiðingaráætlun - Aðalnámskrá grunnskóla endurskoðuð

Vorið 2025 gaf MMS út ný hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla sem allir skólar eiga að innleiða hjá sér og á þeirri innleiðingu að vera lokið vorið 2026. Gæðaráð skólans sér um skipulag innleiðingarinnar. Gæðaráð er skipað teymisstjórum hvers teymis. Teymisstjórar sjá um að innleiða inn í sitt teymi breytingar og skipulag sem gæðaráð ákveður. Gæðaráð fundar fyrsta miðvikudag í mánuði og gefinn er tími á teymisfundum til að funda um innleiðinguna.

Verkefni stýrihóps:

- ✓ Innleiða ný hæfniviðmið aðalnámskrár.
- ✓ Útfæra lykilhæfni.
- ✓ Gera tímaáætlun innleiðingu.
- ✓ Vinna með kennurum að innleiðingunni.
- ✓ Meta stöðuna og endurskoða áætlun.

Í Gæðaráði sitja: Friðrik Arnarson skólastjóri, Hjördís Jóna Bóasdóttir deildarstjóri, Katla Ketilsdóttir deildarstjóri, Gréta Arngrímsdóttir, Bryndís Hrund Brynjólfsdóttir, Edda Björk Vatnsdal, Guðrún Anna Óskarsdóttir, Magni Þór Óskarsson, Jóhann Hreiðarsson, Skapti Runólfsson og Elsa Hlín Einarsdóttir. Kennarar eru einnig teymisstjórar í sínu teymi.

Stjórnendur bera ábyrgð á innleiðingarferlinu.

Markmið með innleiðingarvinnunni:

- Hverju viljum við ná fram?
 - a. Virkja alla kennara skólans í innleiðingarvinnu.
 - Tryggja starfsfólki nægan tíma til lestrar, umræðna og endurskoðunar á kennslu.
 - Starfsfólk hafi skýra og sameiginlega sýn á skipulag náms, kennslu og námsmats.
 - Samráð við nemendur og foreldra um nám, kennslu og námsmat.
 - Uppfærslu á skólanámskrá, bekkjarnámskrám og verkefnalýsingum.
 - b. Að við lok innleiðingar verði allir kennarar öruggir með notkun á nýju hæfniviðmiðunum.

Gróf tímalína á innleiðingarvinnunni

Vor 2025	Haust 2025	Vor 2026	Haust 2026
Ný hæfniviðmið aðalnámskrár kynnt fyrir gæðaráði. Gæðaráð les yfir ný hæfniviðmið. Teymisstjórar kynna hæfniviðmiðin fyrir sínu teymi. Leitað eftir upplýsingum um hvernig innleiðingarferlið er í öðrum skólum. Hæfniviðmið flokkuð niður eftir bekkjum.	Gerð innleiðingaráætlunnar. Samráð starfsfólks um endurskoðun á hæfniviðmiðunum. Ákvarðanir um hverju og hvernig skal breyta. Ákvarðanir um breytingar á námsmati. Ákvarðanir um miðlun upplýsinga til heimila í Mentor. Námsefni, verkefni og námsáætlanir uppfærðar. Breyta nýjum hæfniviðmiðum inn á Mentor úr 4 í 5 hæfniviðmið. Byrja að vinna með og meta ný hæfniviðmið í Mentor án þess að brjóta þau niður í námsmarkmið.	Námsefni, verkefni og námsáætlanir uppfærðar. Skoða hvort kennarar vilji brjóta hæfniviðmiðin niður í námsmarkmið og útfæra í Mentor ef allar upplýsingar verða komnar frá MMS. Ákveða hvernig vinna á með lykilhæfnina. Útskrift í samræmi við ný matsviðmið eins og mögulegt er. Allir kennarar upplýstir um frágang lokamats 10. bekkjar.	Innleiðingaráætlun endurskoðuð og metin út frá árangri og næstu skrefum.

	Bekkjarnámskrár með nýjum hæfniviðmiðum, kennslugögnum og hvernig námsmat fer fram sett á heimasíðu í síðasta lagi um áramót.		
--	--	--	--